

Krílakot og Kátakot

Fréttabréf Febrúar 2016



Komið sæl

Janúar flaug hreinlega frá okkur ef svo má segja og má segja að hann hafi verið nokkuð góður veðurlega séð, frekar lítil úrkoma en nokkuð kalt á köflum. Við héldum þorablót og má sjá myndir og myndbönd frá þorablótinu á heimasíðunni, endilega skoðið.

Föstudaginn 29. janúar var lokað eftir hádegi vegna starfsdags starfsfólks Dalvíkurbyggðar þar sem hafist var handa við innleiðingu þjónustustefnu Dalvíkurbyggðar. Dagurinn heppnaðist vel undir leiðsögn Þór Clausen en hann stýrði verkefnavinnu og kynnti þjónustustefnuna.

1. febrúar er skipulagsdagur í Krílakoti og Kátakoti þar sem starfsfólkið kemur saman og mótar áætlun fyrir samruna leikskólanna. Það er að mörgu að hyggja og mikilvægt að allir starfsmenn séu þátttakendur við áætlun og markmiðasetningu.

Þann 6 febrúar er dagur leikskólans ár hvert. Þar sem það er laugardagur ætlum við að hafa opið hús föstudaginn 5. febrúar frá 14-16 í Krílakoti. Allir velkomnir að fá sér kaffisopa og skoða leikskólastarfið. Börn og starfsfólk í Kátakoti ætli að ganga um byggðina og syngja í fyrirtækjum. Foreldrar eru velkomnir með, lagt er af stað 10:00.

8, 9 og 10 febrúar er þrenningin: Bolludagur, Sprengidagur og Óskudagur sem við höldum hátíðlega. Börnin mega koma í búning á óskudaginn en biðjum við foreldra að geyma vopn heima nema þau séu fylgihlutir við búninga. Þann 11 febrúar er 112 dagurinn og förum við yfir með börnunum hvers vegna og hvernig maður hringir í 112.

22 febrúar er konukaffi á Mánakoti og 23 febrúar Sólkoti og eru þá mömmur, ömmur, frænkur eða jafnvel pabbar ef þannig stendur á velkomin í kaffi.

Breytingar í starfsmannahópnum:

Elva Ósk er farin í veikindaleyfi og svo fæðingarorlof í kjölfarið. Við óskum henni alls hins besta.

Breyting á skólaladagatali:

Starfsfólk leikskólanna fer í námsferð í byrjun maí og verður lokað 2, 3 og 4 maí í stað 3, 4 og 6 eins og átti að vera. Þessi breyting var samþykkt í fræðsluráði árið 2015.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.

Foreldraráð 2015-2016

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Freyr (Þórlaug Diljá)

Karl (Bríet Þóra)

Gísli Rúnar (Alexandra Björk og Rakel Erla)

Sunna (Alfgrímur Bragi)

Helgi (Ingólfur Oddi og Eyrún Hekla)

Uppbyggingarstefnan

Það getur verið gott að átta sig á hver maður er og fyrir hvað maður stendur, það veitir mann ákveðið öryggi. Allir þurfa öruggt skjól til að leita í ef eitthvað bjátar á og þá er mikilvægt að vita hvað veitir manni öryggi, er það heimilið, foreldrar, systkini, amma og afi eða kennarinn í leikskólanum.

Að tilheyra

Það er mikilvægt að tilheyra öðrum, fólki, fjölskyldu og samfélagi, vera hluti af heild.

Að læra að þekkja þarfirnar getur verið flókið og mikilvægt að ræða um þær. Barn sem grætur og virðist ekki vita hvað það vill gæti þurft að fá smá knús til að sinna þörf sinni fyrir að tilheyra. Það er því upplagt að prófa að bjóða barninu faðmlag eða koma þegar það er tilbúið eða hefur þörfina.

Sum börn vilja alls ekki mikil faðmlög og það er mikilvægt að lesa í viðbrögð barnanna. Ef barn ýtir frá sér hefur það ekki þörfina í augnablikinu en kemur um leið og það þarf að mæta þörfinni.



Öryggi

Áhrif

Tilheyra

Frelsi

Gleði



Porrablót 2015

Undirbúningur fyrri þorrablót



Porrablót í fullum gangi—mikið borðað og sungið



Foreldrafélag Krílakots og Kátakots Skólaárið 2015-2016

Harpa (Barri og Viggó)
Katla (Anton Andri og Arnór Atli)
Guðríður (Hákon Bragi)
Júlíana (Einar)
Elíngunn (Írena Rut og Hilmir Þeyr)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Grænfáni

Við minnum ykkur á að hafa taupokana alltaf hangandi í hölfum barnanna. Við setjum óhreinan fatnað í þá í stað þess að nota plastpoka.



Foreldrafélag leikskólans gaf pokana

Matseðill í febrúar

Við byrjuðum árið á viku 3 á matseðlinum okkar og svo rúllar hann í sex vikur.



Sumarleyfi 2016

Sumarið 2016 munum við loka Krílakoti í 5 vikur frá 4. júlí og opna aftur þann 10. ágúst. Ástæðan eru framkvæmdir við leikskólann.

Kátakot verður lokað í 4 vikur eða frá 11. júlí og opnar aftur 10. ágúst



Læsi—söguskjóður Ertu búin að lesa eitthvað nýlega ?

Ef þú vilt fá söguskjóðu lánaða heim þá hafðu samband við starfsfólk leikskólanna.



Skóladagatal í febrúar

- 1 febrúar — leikskólinn lokaður í Krílakoti og Kátakoti
- 1-7 febrúar—tannverndarvika
- 5. febrúar opið hús frá 14:-:00- 16:00 í Krílakoti
- 8. febrúar - Bolludagur
- 9. Febrúar—Sprengidagur
- 10. febrúar—Öskudagur



- 11. febrúar—112 dagurinn
- 22. febrúar—konukaffi í Mánakoti
- 23. febrúar—konukaffi í Sólkoti.